Reikningur 81

yfir tekjur og gjöld Ekknasjóðs druknaðra manna í Borgarfjarðarsýslu árið 1905.

Tekjur:

1.	Sjóður við ársbyrjun:		
	Í Söfnunarsjóði	kr.	2991 33
2.	Tekjur á árinu 1905:		
	Vextir í Söfnunarsjóði	—	115 89
	Samtals	kr.	3107 22

Gjöld:

1.	Úthlutað á árinu 1905:				
	Ekkju Vilborgu Oddsdóttur	kr.	25 00		
	— Þuríði Hannesdóttur	—	25 00		
				kr.	50 00
2.	Sjóður við árslok:				
	Í Söfnunarsjóði			kr.	3057 22
	Jafnaðarupphæð			kr.	3107 22

Í stjórn Ekknasjóðs drukknaðra manna í Borgarfjarðarsýslu,
Akranesi 15. júní 1906.

Sigurður Þórðarson. *Jón Sveinsson.* *Jóh. Björnsson.*
Oddg. Ottesen. *Böðvar Þorvaldsson.*

82

Auglýsing

um

að sýslanirnar sem skólastjórar við hina fyrirhuguðu bændaskóla sjeu lausar, og um rekstur skólabúanna.

Í næstkomandi fardögum verða settir á stofn samkvæmt lögum nr. 48 frá 10. nóvember 1905 tveir bændaskólar, annar á Hólum í Hjaltadal og hinn á Hvanneyri Borgarfirði.

Umsóknir um sýslanirnar sem skólastjórar við hvorn af skólum þessum verða að vera komnar til stjórnarráðsins fyrir 1. desember næstkomandi.

Laun skólastjóra eru 1500 kr. á ári og leigulaus bústaður í skólahúsinu.

Hver er sækir um skólastjórasýslanina, verður að taka það fram í umsókn sinni, hvort hann vilji takast á hendur að reka fyrir eiginn reikning hæfilega stórt bú á skólajörðinni.

Aðrir, sem kynnu að óska að reka fyrir eiginn reikning bú handa skólunum á jörðum þessum, verða að hafa sent tilboð um það til stjórnarráðsins einnig fyrir 1. desember þ. á.

Stjórnarráð Íslands, 7. septbr. 1906.